

80. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, mánudag, 11. apríl, 2016, kl. 12:30

Fundinn sátu

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Freyja Rós Haraldsdóttir, Hugrún Harpa Björnsdóttir (nýr fltr. nemenda) og Guðni Árnason. Elín Einarsdóttir var forfölluð. Sigurður Ingi Jóhannsson boðaði einnig forföll þar sem hann er nýbyrjaður í nýju starfi (forsætisráðherra).

Dagskrá:

1. Staða umsókna eftir forval, 4. mars – 10. apríl
2. Rekstrarniðurstaða 2015 – drög
3. Breytingar á kröfum vegna námsframvindu – nýtt regluverk í nýju kerfi.
4. Eigum við að huga að nýju/breyttu námsframboði haustið 2018, þar sem tveir árgangar útskrifast þá um vorið? Umræða um mögulega framtíð.
5. Brotthvarf Íþróttafræðaseturs HÍ sumarið 2017 og áhrif þess á ML.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð nýjan fulltrúa nemenda sérstaklega velkominn til fundar.

1. Staða umsókna eftir forval, 4. mars – 10. apríl

Skm. kynnti stöðu forvals, en því lauk 10. apríl. 58 umsækjendur eru með skólann í 1. vali, umtalsverður meirihluti umsókna er um náttúruvísindabraut.

2. Rekstrarniðurstaða 2015 – drög

Skm lagði fram ársreikning fyrir 2015.

Ragnheiður Bjarnadóttir, gjaldkeri, sat fundinn undir þessum lið og hún og skm. leiddu fundarmenn síðan í gegnum reikninginn og skýrðu helstu þætti hans og svöruðu spurningum um einstaka liði.

Afgangur ársins er rúmar 3 milljónir.

Til kynningar.

3. Breytingar á kröfum vegna námsframvindu – nýtt regluverk í nýju kerfi.

Páll greindi frá helstu breytingum á reglum um námsframvindu í nýrri námskrá og voru þær ræddar nokkuð.

4. Eigum við að huga að nýju/breyttu námsframboði haustið 2018, þar sem tveir árgangar útskrifast þá um vorið? Umræða um mögulega framtíð.

Skm. hóf umræðu undir þessum lið. Haustið 2018 má reikna með að nemendafjöldinn verði um 130 að óbreyttu, en rými á heimavistum er fyrir 150. Fjallað um hvort eða hvernig rétt er að bregðast við þeirri stöðu.

Í umræðu undir þessum lið var tæpt á ýmsum möguleikum, t.d. þriðju þriggja ára námsbrautinni, styttra námi eða undirbúningsnámi. Þessi mál verða rædd frekar innan skólans og í skólanefnd á næstunni.

5. Brotthvarf Íþróttافرæðaseturs HÍ sumarið 2017 og áhrif þess á ML.

Skm. hafði framsögu undir þessum lið. Fundarmenn veltu vöngum um hver áhrif kunna að verða á skólann við það að Íþróttافرæðasetrið hverfur frá Laugarvatni.

HÍ vinnur að einhverjum mótvægisáðgerðum, en hvernig þær verða liggur ekki fyrir enn.

Skólanefnd hagnar að Háskóli Íslands skuli ekki treysta sér til að reka Íþróttافرæðasetur á Laugarvatni og óskar eftir trúverðugum tillögum um áframhaldandi starfsemi á Laugarvatni.

6. Önnur mál.

a. Skm. greindi frá hreyfingum í starfsmannhaldi sem framundan eru innan skólans.

b. Skm greindi frá starfsmannaferð til Finnlands og Eistlands, sem er framundan í lok apríl.

c. Skólanefnd samþykkir hamingjuóskir til Guðbjargar Viðju Antonsdóttur og hópsins hennar í tilefni af glæsilegu atriði í Söngkeppni framhaldsskólanna. Atriðið var vinsælasta atriðið í símakosningu og lenti í þriðja sæti í keppninni.

d. Guðni ræddi prentkostnað og leiðir til að draga úr honum. Rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason